

Þróunarsjóður leikskólaráðs Reykjavíkur 2010

Auglýstir eru til umsóknar styrkir úr Þróunarsjóði leikskólaráðs Reykjavíkur fyrir árið 2010. Við úthlutun styrkja verður einkum lögð áhersla á þróunarverkefni sem tengjast menningarlæsi í leikskólastarfi:

Menningarlæsi er meðal annars fólgið í því að vera læs á tákni í tungumálinu sem eiga sér menningarlega og sögulega skírskotun (t.d. frásagnarlist, sögur og ævintýri og þjóðlegur arfur) og gerir okkur kleift að skilja umhverfi okkar og samfélag.

Hvatt er til þátttöku foreldra í tengslum við verkefnið.

Starfsfólki leikskóla er bent á þann möguleika að sækja um styrki til þróunarverkefna í samstarfi við aðra leikskóla eða grunnskóla. Verkefni tengd ofangreindri áherslu verða í forgangi en önnur verkefni koma einnig til greina.

Umsóknir skulu hafa borist Leikskólasviði Reykjavíkurborgar, Fríkirkjuvegi 1, fyrir 19. desember 2009 á þar til gerðum eyðublöðum á vef Leikskólasviðs: **www.leikskolar.is**

Nánari upplýsingar veitir Elísabet Pálmadóttir verkefnastjóri leikskólaskrifstofu Leikskólasviðs í síma 4 11 11 11.

